

**Ed. 64. Frumvarp til laga [59. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Laxárdalshreppi í Dalasýslu jörðina Fjós í Laxárdalshreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Laxárdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Laxárdalshrepps, og er bréf oddvita birt hér á eftir sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

**ODDVITI LAXÁRDALSHREPPS**

Búðardal, 21. okt. 1971.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu, fer þess hér með á leit við yður, að þér berið fram frumvarp til laga þess efnis að heimila ríkissjóði að selja Laxárdalshreppi jörðina Fjós í sama hreppi.

Kauptúnið Búðardalur er að öllu leyti byggt í landi Fjósa og er mikið af landi jarðarinnar nú þegar komið undir kauptúnið. Miklar byggingarframkvæmdir hafa átt sér stað undanfarin ár og líkur fyrir, að svo verði áfram. Hreppsnefnd telur því nauðsynlegt að öðlast yfirráð yfir jörðinni allri.

Ljósrit sent þingmönnum Vesturlandskjördæmis.

F. h. hreppsnefndar Laxárdalshrepps,  
Haraldur Árnason.

Hr. Ásgeir Bjarnason, alþingism.,  
Alþingi.